



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 376. mál

Samtök ferðaþjónustunnar og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), 376. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins þá er meginefni þess tvíþætt, annars vegar innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði og hins vegar breytingar hvað varðar útgáfu starfsleyfa og skráningarskyldu fyrirtækja sem undir lögin falla.

Fyrir það fyrsta fagna samtökin þeim breytingum sem lagðar eru til einföldunar á opinberu eftirlitskerfi og um leið rekstrarumhverfi fyrirtækja ásamt því að samræmd eru rekstrarskilyrði innlendra fyrirtækja á við sambærilega starfsemi innan Evrópska efnahagssvæðisins. Að sama skapi fagna samtökin fyrirbyggjandi tillögum að breytingum sem fela í sér viðurkenningu stjórnvalda á að núverandi eftirlitskerfi megi einfalda til muna án þess að í slíkum breytingum feli í sér hætta gagnvart almenningi eða umhverfi. Því telja samtökin fyrirbyggjandi tillögur jákvætt skref í að taka til endurskoðunar og einfalda til muna núverandi eftirlitskerfi og að í framhaldinu verði unnt að taka aðra þætti þess kerfis, hvort sem það er á vettvangi þessa málaflokks eða annarra, til frekari skoðunar.

Samhliða þessu fagna samtökin þeim tillögum sem fram koma í fyrirbyggjandi frumvarpi um að koma upp einni samræmdri gátt hjá Umhverfisstofnun þar sem fyrirtækin skrá upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi og fá þar einnig leiðbeiningar um þær skyldur sem þau eiga að uppfylla. Með vísan til þessa fagna samtökin framkomnum breytingum á hinu opinbera eftirlitskerfi í fyrirbyggjandi frumvarpi, þ.m.t. breytingar hvað varða skráningarskyldu fyrirtækja, og miðlæga skráningu hjá Umhverfisstofnun og leggjast samtökin ekki gegn framgangi þeirra.

Eftir sem áður vilja samtökin koma hér á framfæri athugasemdum um einstaka ákvæði frumvarpsins, annars vegar ákvæði frumvarpsins um grænt bókhald, þ.e. 9. gr., og hins vegar ákvæði um birtingu eftirlitsskýrslna, þ.e. 30. gr. frumvarpsins.

Í 9. gr. frumvarpsins er gerð sú krafa að allur atvinnurekstur sem talinn er upp í viðauka I-IV við lögin verði gert skylt að færa grænt bókhald í samræmi við lögin og reglugerðar settar á grundvelli þeirra. Í 2. mgr. 9. gr. er gerð nánari grein fyrir umræddu bókhaldi og þeim atriðum



sem því er ætlað að taka á. Þá segir einnig í 3. mgr. ákvæðisins að umrætt bókhald skuli endurskoðað á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja. Með umræddu bókhaldi eru því lagðar ýmsar kvaðir á fyrirtæki sem kunna eftir atvikum að íþyngja smærri fyrirtækjum bæði hvað varðar umfang slíks bókhalds og kostnaðar við að koma því á og endurskoða það. Samtökin telja eðli málsins samkvæmt að slíkt bókhald eigi að taka til reksturs stærri fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja þar sem starfsemi þeirra kann að hafa í sér áhrif á almenning og umhverfi, en ekki þeirra örmáu sem undir ákvæðið falla. Í ljósi þessa leggja samtökin til að krafa um grænt bókhald taki lögum samkvæmt til starfsleyfissskyldra fyrirtækja samkvæmt viðauka I í frumvarpinu en að smærri skráningarskyld fyrirtæki samkvæmt viðauka II-IV verði undanþegin þeirri skyldu.

Þá gera samtökin athugasemdir hvað varðar ákvæði 30. gr. er viðkemur birtingu á eftirlitsskýrslum. Samtökin leggja ekki alfarið gegn birtingu á slíkum skýrslum en telja hins vegar mikilvægt að við slíka framkvæmd sé gætt að því að þar komi ekki fram upplýsingar sem kunna að teljast til mikilvægra fjárhags- eða viðskiptahagsmuna fyrirtækja, sbr. m.a. 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, eða aðra hagsmuni fyrirtækja sem leynd skal almennt hvíla yfir. Því telja samtökin mikilvægt að fyrirtæki verði gefið tækifæri að koma á framfæri athugasemdum sínum áður en slíkar upplýsingar eru birtar. Í ljósi þessa leggja samtökin til að í ákvæðinu verði kveðið á um skyldu til þess að leita umsagnar fyrirtækja áður en slíkar skýrslur eru birtar opinberlega.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Anna G. Sverrisdóttir
Verkefnastjóri

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Lárus M. K. Ólafsson
Lögfræðingur